

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 98-10
150 Reykjavík

MÞÁ/Is

Reykjavík 28. mars 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning höfuðstöðva RARIK ohf. á landsbyggðina.

RARIK þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning höfuðstöðva RARIK ohf. á landsbyggðina.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli fjármála- og efnahagsráðherra að stefna að flutningi höfuðstöðva RARIK ohf. á landsbyggðina og að kanna á grundvelli hagsmuna félagsins hvar væri hentugast að byggja upp höfuðstöðvar og efla starfsstöðvar RARIK um landið.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er meginhlutverk RARIK ohf. að afla raforku og dreifa henni með hagkvæmum hætti til almennings og atvinnulífs. Um 90% af dreifikerfi raforku í landinu eru í umsjón félagsins, m.a. í flestum sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins, Reykjanesskaga, Árborgar og Vestfjarða.

Til að þjóna dreifikerfinu er RARIK með mjög dreifða starfsemi, sem hefur á undanförunum árum þróast í samræmi við þarfir fyrirtækisins til að þjóna viðskiptavinum sínum sem best. Yfir 70% starfsmanna fyrirtækisins eru nú búsettir á landsbyggðinni. Starfsstöðvar eru 20 og fjöldi starfsmanna var 208 í árslok 2022. Á starfsstöð í Reykjavík eru 61 starfsmaður, á Vesturlandi 24 starfsmenn, á Norðurlandi 47 starfsmenn, á Austurlandi 39 starfsmenn og á Suðurlandi 37 starfsmenn.

RARIK hefur verið mjög meðvitað um að dreifa starfsemi sinni um landið til að þjóna viðskiptavinum sínum sem best og hefur lagt áherslu á að efla starfsstöðvar og halda störfum á landsbyggðinni. RARIK tekur undir mikilvægi þess að efla starfsstöðvar fyrirtækisins á landsbyggðinni, eins og fram kemur í tillögunni, en RARIK ber einnig skylda til að haga sínum rekstri með skilvirkum hætti og að taka tillit til aðstæðna og hagræðingar til að sinna hlutverki sínu. Fleiri þættir geta einnig haft áhrif á ákvarðanir um störf, svo sem jafnréttissjónarmið.

Með reglulegu millibili hafa þær hugmyndir komið fram að flytja höfuðstöðvar RARIK út á landsbyggðina. Dreifikerfi fyrirtækisins er staðsett á landsbyggðinni og framkvæmdir við dreifikerfið fara þ.a.l. fram þar. Sama má reyndar segja um meginflutningskerfi raforku og allar virkjanir í eigu félaga ríkisins. Líta þarf þó til þess að fjölmargir hagaðilar RARIK, hvort sem um er að ræða viðskiptavinir, stjórnslan, eftirlitsaðilar, verkfræðistofur eða aðrir samstarfsaðilar, eru staðsettir í Reykjavík. Það kann að koma á einhverjum á óvart en í hópi viðskiptavina RARIK er fjölmennasti hópurinn búsettur á höfuðborgarsvæðinu, þó notkunin sé annars staðar.

Eins og RARIK hefur áður bent á hafa hugmyndir um flutning höfuðstöðva verið hvati til þess að skoða kosti þess og galla, en jafnframt gert stjórnendur meðvitaðri um nauðsyn þess að

huga að því hvar heppilegast er að staðsetja þau störf sem losna, eða þarf að bæta við. Horft hefur verið til þess að auglýsa störf sem hægt er að vinna hvar sem er og fyrirtækið vill að séu mönnum fólk sem býr á landsbyggðinni, með þeim hætti að bjóða upp á staðsetningu þeirra á tilteknum starfsstöðvum fyrirtækisins á landsbyggðinni. Krafa um að fyrirtækið auglýsi öll störf óháð staðsetningu er illa framkvæmanleg og ekki æskileg. Fyrirfram er nauðsynlegt að skilgreina hvaða svæði eða starfsstöðvar koma til greina, enda má annars búast við margfalt fleiri umsóknum af höfuðborgarsvæðinu og sé ekki krafa um það í auglýsingu er erfitt að hafna hæfustu umsækjendum vegna búsetu. Því hefur stjórn fyrirtækisins samþykkt þá reglu að störf sem losna í Reykjavík eru öll auglýst án staðsetningar, á meðan störf sem losna á landsbyggðinni eru auglýst með staðsetningu á landsbyggðinni.

Við skoðun á því hvar heppilegast er að vera með starfsstöðvar fyrirtækisins staðsettar, hefur niðurstaðan alltaf verið sú að það henti starfsemi fyrirtækisins í heild best að vera með skrifstofu og höfuðstöðvar í Reykjavík. Þangað eru samgöngur bestar og auðveldastar frá flestum svæðum. Vegna þess hve starfsemi RARIK er dreifð um landið þá gæti flutningur höfuðstöðva hentað vel fyrir nærumhverfi þess staðar sem höfuðstöðvar yrðu fluttar til, en gagnvart öðrum svæðum væri það aukið óhagræði. Með slíkri aðgerð nyti eitt svæði hagræðis en þrjú óhagræðis.


RARIK auglýsir eftir starfsfólki víða um land á hverju ári. Því miður eru of mörg dæmi þess að ekki fást umsóknir um þau störf og hefur fyrirtækið þurft að aðlaga sig að þeim veruleika, t.d. með því að ráða starfsmann á nálægar starfsstöðvar til að sinna þeim störfum. Það hefur óneitanlega í för með sér að störf færast á milli byggðalaga og stundum til Reykjavíkur, þótt lagt sé upp með að ráða frekar í þau á landsbyggðinni. Einkum á það við um sérhæfð störf að fyrirtækið fær frekar umsóknir af höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er því fyrir RARIK að reka starfsstöð í Reykjavík, a.m.k. þar til þetta breytist, en auk þess hentar staðsetning skrifstofu í Reykjavík vel því þar eru ýmsir hagaðilar fyrirtækisins. Með bættum fjarskiptum og möguleikum til fjarvinnu hafa skapast aðstæður til að vinna sífellt fleiri störf án staðsetningar og mun það án efa verða hvati til þróunar frekari búsetu og fleiri tækifæra á landsbyggðinni. RARIK fagnar sannarlega þeirri þróun og mun taka þátt í henni með því að bjóða störf án staðsetningar, eins og áður hefur verið lýst. Samhliða þessari þróun er jafnframt vonast til þess að fleiri sérhæfðir einstaklingar verði fáanlegir í störf fyrirtækisins á landsbyggðinni en verið hefur. Að því sögðu skal það tekið fram að í starfsstöðvum RARIK á landsbyggðinni eru nú þegar störf sem ná langt út fyrir verklegar framkvæmdir á svæðunum. Starfsemi fjármálasviðs er umtalsverð á landsbyggðinni, ýmis sérfræðistörf svo sem í greiningum, áætlanagerð, netrekstri, mannauðsmálum og 15 deildarstjórar fyrirtækisins hafa aðsetur á landsbyggðinni

Ekki verður séð að ákvörðun um flutning höfuðstöðvar RARIK á eitt af svæðum fyrirtækisins á landsbyggðinni bæti rekstur þess eins og sakir standa. Áfram þyrfti að gera ráð fyrir starfsstöð í Reykjavík í allmörg ár, þótt kennitala fyrirtækisins og þar með höfuðstöðvar yrðu fluttar annað. Að öðrum kosti glatar fyrirtækið dýrmætum mannauði auk verulegrar þekkingar og reynslu. Það er því miður ekki við því að búast að margir starfsmenn í Reykjavík flyttu með höfuðstöðvunum og því þyrfti að gefa eðlilegri endurnýjun starfsfólks sem nú starfar í Reykjavík mörg ár.

Flutningur höfuðstöðva RARIK, í þeim skilningi að flytja öll þau störf sem nú eru í Reykjavík í heilu lagi á eitthvað af svæðum RARIK, yrði fyrirtækinu mjög erfiður í framkvæmd og yrði ekki

til að styrkja það til þess að takast á við þau viðamiklu verkefni í endurnýjun kerfisins sem hafin eru, m.a. vegna orkuskipta í samgöngum. Sú stefna sem stjórn fyrirtækisins hefur markað, sem er að auglýsa öll störf sem losna í Reykjavík óháð staðsetningu, en störf á landsbyggðinni háð staðsetningu þar, er mun líklegri til að stuðla að þróun starfseminnar á landsbyggðinni og eðlilegri tilfærslu starfa. Með þeim hætti væri horft til þess að viðhalda styrk fyrir tækisins í heild en á sama tíma að auka vægi starfseminnar á landsbyggðinni með fleiri sérhæfðum störfum þar.

Virðingarfyllst,



Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri RARIK